



Alþingi  
Nefndasvið  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Fjarðabyggð, 25. október 2022  
Tilvísun 2210090/10.1

### Umsögn Fjarðabyggðar vegna þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðaumhverfi sjókvíaeldis

Nauðsynlegt er að farið verði í heildræna endurskoðun á gjaldtöku af fiskeldi þannig að sveitarfélögin þar sem eldið fer fram fái sanngjarna hlutdeild í tekjum sem lagðar eru á atvinnugreinina.

Fiskeldi kallar á mikla uppbyggingu innviða sveitarfélaga þar sem það fer fram og er eðlileg að það hafi af því tekjur til að standa undir fjárfestingu og rekstri þeirra innviða. Því er afar mikilvægt að réttlátt hlutfall tekna af gjaldtöku í fiskeldi í sjó renni beint og milliliðalaust til sveitarfélaga þar sem nýting auðlindarinnar og starfsemi fyrirtækja í fiskeldi fer fram og þörf á þjónustu er mest.

Við setningu laga nr. 89/2019 um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð, var lögð áhersla á að hlutverk sjóðsins væri að styrkja uppbyggingu innviða þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað og þar með samfélög og stoðir atvinnulífs á þeim svæðum. Fiskeldissjóði var ætlað að deila út fjármunum til sveitarfélaga af tekjum sjóðsins og hafa umsóknir í sjóðinn verið afgreiddar á grundvelli samkeppni milli verkefna sem falla þurfa innan ramma skilyrða sem eru mjög huglæg. Er sú framkvæmd sannanlega ekki yfir gagnrýni hafin.

Ekkert sveitarfélag hefur að geyma jafnmikið sjókvíaeldi og Fjarðabyggð, hvort sem litið er til burðarþolsmats eða áhættumats. Við úthlutun Fiskeldissjóðs á árinu 2022 voru það vonbrigði að Fjarðabyggð naut ekki framlaga sjóðsins sem leit framhjá uppbyggingu nauðsynlegra innviða sem er þvert á tilgang hans. Ákveðnir matsþættir í umsókn sveitarfélagsins voru hreinlega ekki viðurkenndir og rökstuðningur synjunar mjög óljós.

Það er því skýr krafa Fjarðabyggðar, hér eftir sem hingað til, að tekjur af fiskeldi renni beint til sveitarfélaga þar sem eldið fer fram án aðkomu Fiskeldissjóðs. Ef styðjast á við skiptingu tekna milli sveitarfélaga þar sem eldið er þá er hægt að nota til viðmiðunar lífmassa, burðarþols- eða áhættumat fjarða.



Fjarðabyggð telur eðlilegast að hlutaðeigandi sveitarfélög hefðu sjálfstæða gjaldtökuheimild hvert fyrir sig og önnuðust álagningu og innheimtu gjalda beint og milliliðalaust. Þau hefðu með því tekjustofn sem þau gætu nýtt með hliðsjón af umfangi uppbyggingar innviða, tímasetningu hennar og aðstæðna hvers og eins. Það er mun eðlilegri og skilvirkari aðferð fremur en núverandi fyrirkomulag þar sem rökstyðja þarf umsóknir fyrir nefnd á vegum ríkisins þar sem sveitarfélög eru að keppa sín á milli um tekjur sem eðlilega eru þeirra miðað við umfang eldis á hverjum stað.

Þá leggur Fjarðabyggð áherslu á að endurskoða þarf hafnalög og skýra heimild hafnarsjóða til að innheimta vörugjöld af því fóðri sem umskipað er á hafnarsvæðum þeirra án viðkomu á hafnarkanti ásamt því að þau geti innheimt aflaggjöld af seiðum og fiski sem lagður er á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings.



Jón Björn Hákonarson  
bæjarstjóri